

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og Byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

28.12.2022
2022-12-72/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulags- og matslýsingu deiliskipulags fyrir Búrfellslund í Rangárþingi Ytra.

Landsneti barst þann 27. desember 2022 beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags grænna iðngarða í Rangárþingi Ytra. Frestur til að veita umsagnir er til 2. janúar 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því. Landsnet furðar sig á stuttum umsagnarfresti þessarar vinnslutillögu yfir jól og áramót og óskar þess að fá skiplagstillöguna sjálfa að nýju til skoðunar þegar formleg kynning hennar hefst.

Eins og fram kemur í kafla 2.1. liggja þrjár háspennulínur í gegnum skipulagssvæðið. Um er að ræða mjög mikilvægar tengingar í meginflutningkerfi Landsnets og því þarf að vera öruggt að rekstur þeirra verði áfram tryggður, bæði á framkvæmda- og rekstratíma vindorkugarðsins.

Skoða þarf hvaða kröfur þarf að gera m.t.t. fjarlægðar vindmylla frá háspennulínunum til að hægt sé að tryggja rekstraröryggi línanna og leita þá m.a. eftir upplýsingum frá Noregi eða annars staðar þar sem gera má ráð fyrir sambærilegum aðstæðum. Þá gerir Landsnet ráð fyrir að lokauppröðun vindmyllanna muni byggja á ísingarlíkani, sem boðað var að yrði gert í matsskýrslu Landsvirkjunar fyrir Búrfellslund. Þar kemur fram í kafla 5.3 að niðurstöður úr ísingarlíkani verði notaðar til að reikna mögulegt ískast frá vindmyllum, en það er að mati Landsnets mikilvæg forsenda þegar ákveðin er fjarlægð vindmylla frá háspennulínunum sem fara um svæðið.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Einar Snorri Einarsson